
1281**Jónsbók****Kaupabálkr.****Kap. 20. Ef menn tveir eða fleiri eigu einn grip saman.**

Alla þá gripi er menn eigu saman, hvárt sem þat er akr eða teigar, hús eða aðra hluti, þá er skipti fær á komit, þá skal sá skipti ráða er skipta vill . . . En þar sem tveir menn eða fleiri eigu einn grip saman, þann eigi fær skipti á komit svá at eigi verði skaði af, eða þann er annarr vill gagn af hafa, en annarr órækir eða má eigi, bjóði þeim fyrst er til móts eigu við hann. Nú vilja þeir eigi kaupa, þá hluti, hverr kaupa skal, ok leysi sá er hlýtr eptir því sem . . . skynsamir menn meta, eða seli hverjum er hann vill, ok lúki þeim sinn hluta verðs. Vilja þeir

eigi við taka, hafi at ósekju þar til er hinir heimta ok ábyrgist sem sitt fé . . .

Þjófabálkr.**Kap. 14. Um fund, ef maðr finnr fémætt.**

Ef maðr finnr fjárhlut manns ok hefir eigandi glatat, þá skal hann lýsa fyrir mönnum. . . . Nú skal maðr í ljósi fé hafa ok nýta sér, ok þó at eigandi komi þá eptir er slitit er, þá bætir hann engu fyrir. En sá er sér kallar, hann skal hafa til tveggja skilríkra manna vitni, at þat er hans fé . . . þá lætr hinn at lögum laust, ellar eignast hann. Nú fara fleiri menn at götu saman ok finnr sá fund er fyrstr gengr, þá eigu þeir allir saman ok þeir er eptir fara. Ekki eigu þeir í er um ganga. Nú fara menn á skipi saman ok finna fund þann er fjár er verðr, þá skulu þeir skipta at jafnaði sín á milli.